



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Friðrik K. Gunnarsson, skrifstofa umhverfisgæða

Endurgerð grenndarstöðva 2020

Neðangreind tafla tilgreinir þær grenndarstöðvar þar sem áformað er að endurnýja 2020.

Staðsetning	Skýringar
Skólavörðuholt	Endurgerð á núverandi stað.
Selásbraut við Norðurás	Endurgerð á graseyju við bílastæði.
Arnarbakki (á stórbílastæði við Mariúbakka)	Vegna mótmæla voru áform um endurgerð stöðvarinnar nær byggðinni við Leirubakka dregin til baka. Til skoðunar er að byggja hana upp á núverandi stað á stórbílastæðinu við Mariúbakka. Möguleg útfærsla skoðuð nánar með samgöngustjóra
Klambratún – endurgerð með allt að 5 djúpgámum	Stöðinni breytt í djúpgámastöð. Könnuð verði möguleg tilfærsla á staðsetningu í grennd til að draga úr sjónrænum áhrifum. 3 milljónir úr „Hverfið“ mitt nýtast í fjárfestingarkostnað vegna djúpgáma. Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag á gámum fyrir söfnun á fötum (RKÍ) og drykkjarumbúðum (Grænir skátar)
Langholtsvegur	Kemur í stað stöðvarinnar sem var við Holtaveg. Endanleg staðsetning liggur ekki fyrir, en fyrirhugað í bílastæði rétt sunnan við Fóstbræðraheimili. Breyta þarf DSK Langholtsvegur/Drekavogur.
Landakot/Túngata	Á bílastæði við Hólavallagötu
Sigtún (Hverfið mitt)	Ný stöð í nágrenni við Ásmundarsafn
Grímsbær (Hverfið mitt)	Endurgerð núverandi grenndarstöðvar
Hofsvallagata (við Vestubæjarlaug)	Endurgerð skv. nýju DSK sem er í kynningu
Skúlagata/Frakkastígur	Færsla á stöð norður yfir Skúlagötu og endurgerð.

Kostnaðarmat á frágangi lóða við endurgerð grenndarstöðva hefur verið unnið byggt á fyrri verkefnum. Áætlaður kostnaður við frágang lóða vegna grenndarstöðva með gámum á yfirborði er ca. 7,8 milljónir en ca. 9,1 milljón vegna grenndarstöðvar með 5 djúpgámum eins og áformað er að geti mest verið á Klambratúni. Miðað er við að komið sé fyrir gróðri við stöð, óháð gerð gáma, en skjólgirðingu þar sem gámar eru á yfirborði. Til viðbótar er áætlað að hver djúpgámur kosti 1 milljón króna í innkaupum. Vegna gáma á yfirborði er greidd leiga, um 100- 120 þúsund per gám á ári eða 500- 540 þúsund/ári sé til dæmis miðað við 5 gáma stöð.